

Nd.

829. Breytingartillögur

[192. mál]

við frv. til l. um jafnstöðu kvenna og karla.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

1. 1. gr. orðist svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti kvenna og karla og bæta stöðu kvenna.

2. 6. gr. orðist svo:

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhalds starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

3. 7. gr. orðist svo:

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla. Kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð og hönnuð, að kynjum sé ekki mismunað og upprætt sé úrelt hlutverkaskipting kynjanna.